



Eftirlitsnefnd um framkvæmd sáttar milli Íslandspósts og Samkeppniseftirlitsins  
b/t Viðars Lúðvíkssonar, formanns  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2018

**Efni: Sameining ePósts ehf. og Íslandspósts ohf.**

Óskað er eftir afstöðu eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar milli Íslandspósts og Samkeppniseftirlitsins til samruna ePósts ehf. og Íslandspósts ohf., en ePóstur er að fullu í eigu Íslandspósts. Um rekstrarlegar ástæður sameiningarinnar og ýmissa upplýsinga um sögu og rekstur ePósts er vísað til meðfylgjandi minnisblaðs sem unnið var í nóvember á árinu 2017. Eins og fram kemur í minnisblaðinu hefur upphaflegur tilgangur ePósts, þ.e. að selja rafrænar birtingar skjala ekki gengið eftir og er þróun tölvukerfis í eigu ePósts öll í þágu Íslandspósts. Samkeppnisleg þýðing ePósts er því ekki lengur fyrir hendi. Á fundi stjórnar Íslandspóst þann 25. júní 2018 var sameiningin samþykkt.

Í sátt milli Íslandspósts og Samkeppniseftirlitsins er í kafla nr. 9 fjallað um starfsemi sem reka skuli í dótturfélagi og er ePóstur þar tiltekinn. Ennfremur kemur þar fram að eigi sér stað slíkar breytingar á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags að starfsemi þess kunni ekki lengur að hafa samkeppnislega þýðingu getur Íslandspóstur óskað eftir álití eftirlitsnefndar á því að fára reksturinn inn í móðurfélagið samhliða því sem dótturfélagið verði lagt niður. Í samræmi við ákvæði greinarinnar mun Íslandspóstur leita samþykks Samkeppniseftirlitsins áður en breytingin muni eiga sér stað.

Ennfremur er í grein sáttarinnar nr. 9.5 fjallað um taprekstur dótturfélaga en þar segir að séu dótturfélög sem ekki sinna pósttengdri starfsemi rekin með tapi í tvö ár í röð eða í tvö ár af þremur samliggjandi rekstrarárum, skuli leggja starfsemina niður eða selja hana frá Íslandspósti. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með sáttinni í kafla nr. 4.9 á bls. 72 er fjallað um viðbrögð við taprekstri dótturfélaga. Er það álit Íslandspósts að með þeirri ráðstöfun sem nú er fyrirhuguð að sameina félögini og nýta þannig eignir ePósts í þágu Íslandspóst sé markmiðum sáttarinnar um viðbrögð við taprekstri innan dótturfélaga náð auk þess sem samkeppnisleg þýðing ePósts sé ekki lengur fyrir hendi.

Íslandspóstur er að sjálfsögðu reiðubúinn að veita frekri upplýsingar sem unnt er varðandi efni ofangreinds erindis. Farið er fram á að með fylgiskjöl verði farið með sem trúnaðarmál.

Virðingarfyllst,

Helga Sigríður Böðvarsdóttir,  
framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Hjálagt:

1. Fylgiskjal 1: Minnisblað dags. 24. nóvember 2017 um ePóst/Möppuna